

# Ytra mat á grunnskólastarfi 2013 til hausts 2018

Niðurstöður mats með notkun fyrstu úgáfu  
Gæðastarfs í grunnskólum

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>3</b>
<b>Mat á grunnskólum</b> .....	<b>4</b>
<b>Frekari nýting gagna sem aflað er við ytra mat</b> .....	<b>4</b>
<b>Greining viðmiða og vísbendinga metinna grunnskóla</b> .....	<b>4</b>
<b>Nánari greining vísbendinga</b> .....	<b>6</b>
Það sem vel er gert í stjórnun: .....	<b>6</b>
Umbótaþörf greinist mikil á eftirfarandi vísbendingum í stjórnun:.....	<b>6</b>
Það sem vel er gert í námi og kennslu: .....	<b>7</b>
Umbótaþörf greinist mikil á eftirfarandi vísbendingum í námi og kennslu: .....	<b>7</b>
Það sem vel er gert í innra mati: .....	<b>8</b>
Umbótaþörf greinist mikil á eftirfarandi vísbendingum í innra mati:.....	<b>8</b>
<b>Greining kennslustunda</b> .....	<b>9</b>
<b>Fjöldi nemenda á kennara í metnum almennum kennslustundum</b> .....	<b>9</b>
<b>Upplýsingatækni í námi og kennslu</b> .....	<b>10</b>
<b>Kennsluathafnir kennara</b> .....	<b>10</b>
<b>Samvinna og einstaklingsvinna nemenda</b> .....	<b>11</b>
<b>Mat á gæðum kennslustunda</b> .....	<b>12</b>
<b>Mat á ytra mati</b> .....	<b>13</b>
<b>Í stuttu máli</b> .....	<b>15</b>
<b>Metnir grunnskólar 2013 til hausts 2018</b> .....	<b>16</b>

## Inngangur

Skýrsla þessi fjallar um ytra mat á grunnskólum sem Menntamálastofnun sá um fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti og jöfnunarsjóð sveitarfélaga 2013 til hausts 2018 þegar endurskoðuð framkvæmd og ný matsviðmið voru tekin í notkun.

Teknar eru saman lykiltölur og heildarniðurstöður ytra mats grunnskóla þann tíma. Um tilurð og bakgrunn verkefnisins er vísað til fyrri ársskýrslna.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera hvati til frekari skólaþróunar.

Meginstef ytra mats er að það sé leiðbeinandi og framfara- og umbótamiðað og stuðli að betri skóla. Leiðarljósið er ávallt nemandinn, réttur hans og þarfir.

Þetta er lokaskýrsla ytra mats á grunnskólum með fyrstu útgáfu af viðmiðum um gæði. Viðamikil endurskoðun viðmiða og framkvæmdar fór fram haustið 2017 til hausts 2018 þegar farið var að meta með endurskoðuðum viðmiðum.

Helstu þættir sem breytast eftir endurskoðun eru að fjölgað verðu úr 10 í 27 skóla á ári og matsmönnum fjölgað að sama skapi. Ráðuneyti mun fela MMS að afhenda skólum og sveitarfélögum niðurstöður og fylgja matinu eftir. Einnig á MMS að láta ráðuneyti árlega í té upplýsingar um alla skóla sem metnir hafa verið það árið.

## Mat á grunnskólum

Frá 2013 hefur 51 grunnskóli verið metinn víðs vegar um landið utan Reykjavíkur. Nokkrir þessara skóla eru skólar sem hafa verið sameinaðir síðustu ár og teljast því starfsstöðvar skólanna fleiri. Metnar hafa verið 1340 kennslustundir. Niðurstöður gefa góðar vísbendingar um hvernig skólastarfi er háttað í metnum skólum. Pungamiðja matsins eru þrír þættir sem hafa hvað mest áhrif á gæði skólastarfs með megináherslu á nám og árangur nemenda; *kennsla og nám, stjórnun skóla og innra mat*.

Tafla 1. Földi grunnskóla sem metnir hafa verið eftir árum.

Ár	Ytra mat með matstækinu <i>Gæðastarf í grunnskólum</i>
2013	8
2014	10
2015	8 <sup>1</sup>
2016	10
2017	10
2018	5
Samt.	51

## Frekari nýting gagna sem aflað er við ytra mat

Þegar metið er með ákveðnum viðmiðum og vísbendingum er hægt að skoða og greina hvar helst er umbóta þörf, út frá metnum skólum á þeim þáttum sem verið er að meta. Einnig er hægt að skoða hvernig kennslu er háttað með því að greina kennslustundaathuganir. Vettvangsathuganir ytra mats veita helstu upplýsingar hverju sinni, um kennsluhætti kennara og það námsumhverfi sem nemendum er skapað innan skipulagðra kennslustunda.

Markviss gagnaöflun við ytra mat og úrvinnsla þeirra er helsta leið ábyrgðaraðila skólastarfs, ríkis og sveitarfélaga, til að leggja raunsönn gögn til grundvallar stefnumótunar um skólaþróun og umbætur. Gögnin sem þannig safnast verða mikilvæg heimild um skólastarf á Íslandi. Þau hjálpa til við að skapa mynd af starfi í íslenskum grunnskólum, með öðrum gögnum sem aflað er, svo sem samræmdum könnunarprófum og PISA athugunum þar sem metinn er árangur nemenda í tilteknum námsgreinum og TALIS sem endurómar sýn stjórnenda og kennara á það skólastarf sem fram fer.

## Greining viðmiða og vísbendinga metinna grunnskóla

Hver skóli fær sínar niðurstöður þar sem dregin er fram staða skólans. Niðurstöður í þremur af fjórum þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati, eru settar fram með litum. Fjórdi þátturinn, valþáttur sveitarfélags og skóla, er ekki tekinn með þar sem viðmið um þá þætti sem óskað er eftir að verði metnir, hafa ekki farið í umsagnarferli. Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

<sup>1</sup> Ígildi 10 vegna skóla sem eru sameinaðir

**Flestir eða allir þættir sterkir.** Einkunn 3,6 til 4,0 **Mjög gott verklag** sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

**Fleiri styrkleikar en veikleikar.** Einkunn 2,6 til 3,5 **Gott verklag**, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

**Fleiri veikleikar en styrkleikar.** Einkunn 1,6 til 2,5 **Viðunandi verklag**, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

**Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum.** Einkunn 1,0 til 1,5 **Óviðunandi verklag**, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Tafla 4. Meðaltal viðmiða allra metinna skóla.

<b>Stjórnun - heildareinkunn</b>	<b>3.2</b>
<i>Stjórnandinn sem leiðtogi</i>	3.1
<i>Stjórnun stofnunar</i>	3.1
<i>Faglegt samstarf</i>	3.5
<i>Skólaþróun</i>	3.0
<i>Starfsáætlun og skólanámskrá</i>	3.1
<i>Skóladagur nemenda</i>	3.5
<i>Verklagsreglur og áætlanir</i>	3.1
<i>Skólaráð, foreldrafélag</i>	3.0
<i>Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun</i>	3.3
<b>Nám og kennsla - heildareinkunn</b>	<b>2,9</b>
<i>Inntak og árangur</i>	2.9
<i>Skipulag náms og námsumhverfi</i>	2.9
<i>Kennsluhættir og gæði kennslu</i>	2.8
<i>Námshættir og námsvitund</i>	2.7
<i>Lýðræðisleg vinnubrögð</i>	3.0
<i>Ábyrgð og þátttaka</i>	2.7
<i>Nám við hæfi allra nemenda</i>	3.1
<i>Stuðningur við nám</i>	3.1
<b>Innra mat - heildareinkunn</b>	<b>2,6</b>
<i>Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi</i>	2.8
<i>Innra mat er markmiðsbundið</i>	2.3
<i>Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum</i>	3.2
<i>Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum</i>	2.4
<i>Innra mat er opinbert</i>	2.5
<i>Innra mat er umbótamiðað</i>	2.5

Af þessu má draga þá ályktun að skólarnir sem metnir hafa verið séu að meðaltali að sýna gott verklag með flesta þætti í samræmi við viðmið um gæðastarf. Stjórnunarþátturinn kemur best

út í heild, allir þættir yfir 3 í einkunn. Þegar litið er á nám og kennslu sést að þar koma skólar slakar út, fimm þættir undir 3 í einkunn. Loks kemur vel fram að bæta þarf innra mat, þar falla fjórir af sex þáttum undir það sem gott þykir þótt meðaltal allra þátta fari í að teljast gott

Þessi samtala allra skólanna segir ekki mikið um hvað það er sem helst þarf að bæta en ef viðmiðin eru greind með viðkomandi vísbendingum koma fram upplýsingar sem hægt er að nýta við að greina hvað þarf að hafa í huga við skipulag heildarumbóta í skólastarfi.

### Nánari greining vísbendinga

Að baki hvers viðmiðs í töflunni hér að framan er fjöldi vísbendinga sem matsmenn styðjast við þegar metið er. Vísbendingar eru alls 90 í stjórnunarþættinum, 85 varðandi nám og kennslu og 38 vísbendingar eru um innra mat skólanna. Alls liggja 213 vísbendingar að baki hvernar heildarmyndar eða skólaprófil sem settur er fram auk vísbendinga fjórða matsþátta.

Við greiningu á meðaltali hvernar vísbendingar allra skólanna sem metnir hafa verið kemur fram tilhneiging sem skólafirvöld geta stuðst við þegar hugað er að umbótum. Samtala allra vísbendinga er í fylgiriti.

Hér eru settar fram allar þær vísbendingar þar sem meðaltöl fyrir alla skóla sem metnir hafa verið sýna annars vegar styrkleika, þar sem meðaltalseinkunn allra skólanna er 3,6 til 4 og hins vegar hvar umbóta er þörf, það er meðaltalseinkunn er 2,6 eða undir. Þessar vísbendingar vísa veginn þegar hugað er að þróunarvinnu fyrir grunnskóla á landsvísu.

### Það sem vel er gert í stjórnun:

- Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi.
- Samstarf einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila.
- Stjórnendur boða reglulega til starfsmannafunda og kennarafunda.
- Viðfangsefni samstarfs kennara er fyrst og fremst nám og kennsla og samskipti við nemendur.
- Símenntun kennara miðar að því að efla þá í starfi.
- Starfsáætlun er birt á heimasíðu skólans og/eða á annan aðgengilegan hátt.
- Stundatöflur nemenda eru samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga.
- Frímínútur/hvöld/úttivist eru skipulögð með hliðsjón af aldri og þroska nemenda.
- Skólareglur liggja fyrir.
- Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið er eftir þeim.
- Fundaraðstaða er fyrir foreldra að hittast í skólanum að höfðu samráði við stjórnendur.
- Foreldrar vita hvert þeir eiga að snúa sér ef þá vantar upplýsingar frá skólanum eða þeir vilja koma ábendingum á framfæri.

### Umbótaþörf greinist mikil á eftirfarandi vísbendingum í stjórnun:

- Stjórnendur fylgjast reglulega með námi og kennslu og veita endurgjöf.
- Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur fyrir.
- Verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum liggja fyrir og unnið er eftir þeim.
- Þróunar- og/eða umbótaáætlun byggir á stefnu skólans svo og innra og/eða ytra mati á starfinu.
- Samræmi er milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar skóla.
- Nemendur taka þátt í að móta skólareglur.
- Móttökuáætlanir eru gerðar fyrir nemendur með sérþarfir.
- Skólareglur eru unnar í samvinnu við skólaráð.

Helstu atriði.

Fyrsti punkturinn er þáttur sem víða hefur komið fram að stjórnendur sinna ekki vel. Það er að fylgjast með störfum í kennslustund og veita fallega leiðsögn. Einnig þarf að setja fram áætlanir, ferla eða verklagsreglur. Greinilega er þörf á að stjórnendur sýni betur í verki hvernig þeir tengja saman stefnu skólans, innra mat, áætlun um umbætur og símenntun. Víða kemur fram að bæta þurfi þátttöku nemenda í skólastafi, svo sem eins og hér kemur fram um að taka þátt í mótun skólareglna.

Það sem vel er gert í námi og kennslu:

- Kennarar bera að öllu jöfnu ábyrgð á hópaskiptingu nemenda.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar í öllu skólasterfinu.
- Skólabragur einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum.
- Allir nemendur taka virkan þátt í námi og starfi skólans.
- Nám nemenda með metnar sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrám.

Umbótapörf greinist mikil á eftirfarandi vísbendingum í námi og kennslu:

- Grunnþáttum menntunar eru gerð skil í námsvísunum og sjást í starfi skólans og athöfnum og námi nemenda.
- Nemendur og foreldrar þekkja til og nýta sér námsvísa.
- Skólinn bætir eða viðheldur stöðu sinni í námi, samskiptum og líðan nemenda.
- Gerð er grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.
- Nemendur á öllum aldri hafa val um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar hluta námstímans.
- Nemendur á unglingastigi hafa val um námsgreinar og námssvið í um fimmtungi námstíman.
- Umræður og skoðanaskipti eru hluti af námi og kennslu.
- Samvinna og samstarf nemenda er markvisst notað til náms og kennslu.
- Lögð er rækt við sköpunarþörf og gagnrýna hugsun nemenda.
- Kennarar gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda.
- Nemendur fást við krefjandi viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins.
- Nám nemenda tekur mið af áhuga þeirra og hæfileikum.
- Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum og með fjölbreyttum aðferðum.
- Nemendur geta valið sér námsaðferð eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl.
- Nemendur taka þátt í að meta árangur sinn í námi.
- Nemendafulltrúar í skólaráði og á öðrum samstarfsvettvangi skóla fá til þess þjálfun.
- Séð er til þess að upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda, þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja, séu öllum nemendum aðgengilegar.
- Markmið í námi eru nemendum ljós, hvað varðar námseiningar í heild sinni.
- Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi.
- Nemendur taka þátt í að setja sér námsmarkmið.
- Viðmið um árangur eru opinber og nemendur þekkja þau.
- Nemendum er kennt að meta eigin vinnu og þjálfast í sjálfsmati.
- Nemendur taka þátt í að meta árangur sinn í námi.
- Áhugi og hæfileikar nemenda endurspeglast í viðfangsefnum.
- Nemendur og foreldrar eru með í ráðum um námsmarkmið.
- Námsframboð og námsvísar mæta fjölbreyttum þörfum og áhuga allra nemenda
- Skráð er hvernig bregðast eigi við niðurstöðum skimana og mats.
- Séð er til þess að bráðgerir nemendur fái námstækifæri við hæfi.

Helstu atriði.

Framsetning markmiða í námi, bæði í námsvísun/kennsluáætlunum og hvernig nemendum er gerð grein fyrir markmiðum náms til lengri og skemmri tíma þarf að bæta. Einnig að efla þátttöku nemenda við markmiðssetningu og að meta eigið nám. Setja þarf fram viðmið um námsmat og matskvarða. Val nemenda þarf að bæta og þá er líka verið verið að huga að vali og áhrifum almennt í námi ekki bara að nemendur fái lögbundna skilgreinda valtíma. Sjá verður til þess að allir nemendur fái krefjandi námstækifæri við hæfi, en víða kemur fram að bráðgerir nemendur fá ekki námstækifæri við hæfi. Skrá þarf betur hvað og hvernig árangur er mældur og til hvaða ráða grípa eigi ef viðmiðum er ekki náð.

Það sem vel er gert í innra mati:

- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega.

Umbótaþörf greinist mikil á eftirfarandi vísbendingum í innra mati:

- Langtímaáætlun endurspeglar að helstu þættir skólastarfsins eru metnir.
- Í gögnum um innra mat kemur fram hverjir bera ábyrgð á framkvæmd innra mats (s.s. matsteymi).
- Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer fram með einhverjum hætti reglulega, s.s. með mati skólastjóra á kennslu, jafningjamati kennara og mati á nýjungum í kennsluháttum.
- Skólinn gerir grein fyrir hvernig markmið skólans sem sett eru fram í skólanámskrá eru metin.
- Öll markmið skólanámskrár eru metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti.
- Fyrir hvert markmið eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.
- Starfsfólk tekur þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati (t.d. Í gegnum fulltrúa í matsteymi, aðkomu skólaráðs, þátttöku í skólaþingum eða með öðrum hætti).
- Nemendur taka þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati (t.d. Í gegnum fulltrúa í matsteymi, aðkomu skólaráðs, þátttöku í skólaþingum eða með öðrum hætti).
- Foreldrar teka þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati (t.d. Í gegnum fulltrúa í matsteymi, aðkomu skólaráðs, þátttöku í skólaþingum eða með öðrum hætti).
- Hagsmunaaðilar skólastarfsins geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats (t.d. Í gegnum fulltrúa í matsteymi eða með aðkomu skólaráðs).
- Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur.
- Umbótaáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans eða með öðrum opinberum hætti.
- Greinargerðir um innra mat eru skýrt fram settar.
- Umbótaáætlanir eru skýrt fram settar.
- Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Í umbótaáætlun eru tilgreindar markvissar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru.
- Umbótaáætlun er tímasett og hún skilgreinir ábyrgðaraðila fyrir umbótunum.
- Tilgreint er í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.
- Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.
- Nemendur geta á óbyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skóla hefur leitt til.

Helstu atriði.

Umbóta er þörf víða í innra mati og hægt að segja að þar þurfi að taka til hendi við að koma á góðum vinnubrögðum bæði hvað varðar framkvæmd og umbótastarf í kjölfar matsins.



## Greining kennslustunda

Við kennslustundagreiningu eru allir metnir grunnskólar metnir frá 2013 til hausts 2018 undir. Alls hafa vettvangsathugir verið 1340. Matmenn sátu í kennslustundum hjá að minnsta kosti 70% kennara hvers skóla, í smærri skólum hjá öllum kennurum. Farið er í kennslustund hjá öllum árgöngum og til allra umsjónarkennara. Leitast er við að fá fjölbreytta mynd af námsaðstæðum í ólíkum námsgreinum.

Við kennslustundaathugun er safnað ýmsum gögnum og hver stund er metin í heild sinni.


Unnið er m.a. úr gögnum um:

- fjölda nemenda á kennara í metnum kennslustundum
- notkun nemenda og kennara á upplýsingatækni við nám og kennslu
- hverjar eru helstu áherslur í kennsluathöfnum kennara
- hvernig samvinna nemenda er háttað við námið

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir hvað ytra mat á grunnskólum hefur leitt í ljóst fyrir hvern þessara þátta.

### Fjöldi nemenda á kennara í metnum almennum kennslustundum

Hlutfall metinna kennslustunda þar sem nemendafjöldi á kennara er sýndur. Átt er við fagmenntaða kennara. Aðrir fullorðnir sem eru í kennslustundinni en hafa ekki kennaramenntun eru ekki með í þessum útreikningi. Þessi tafla er byggð á 1095 kennslustundum þar sem metnar kennslustundir 2018 eru ekki með og einnig eru ekki teknar sérkennslustundir í þessari samantekt.




Mynd 1. Hlutfall metinna kennslustunda og fjöldi nemenda í námshóp.

Hlutfall kennslustunda með tiltekinn nemendafjölda er sýnt á Y-ás. X-ás sýnir nemendafjölda í kennslustund. Í 6% metinna kennslustunda voru nemendur milli 1 og 5 á menntaðan kennara. Nemendahópar eru sjaldan fjölmennari en 20 nemendur á kennara. Í tæplega 1% metinna

kennslustunda fer nemedafjöldi á kennara yfir 25. Þær kennslustundir þar sem nemendur eru 26 eða fleiri eru skýringar að kennari tekur tvo hópa vegna veikinda eða hópurinn er t.d. í samsöng þar sem eru einnig aðrir fullorðnir.

#### Upplýsingatækni í námi og kennslu

Matsmenn skrá hvort notuð sé upplýsingatækni við nám nemenda eða í kennslu kennara. Skráning er ef einn eða fleiri nemendur nota upplýsingatækni eitthvað til náms í kennslustundinni. Einnig hvort UT sé eitthvað notað af kennara við kennsluna.




Mynd 2. Hlutfall metinna kennslustunda þar sem upplýsingatækni er nýtt við nám eða kennslu.

Nemendur, einn eða fleiri nota upplýsingatækni að einhverju marki í 17% kennslustundanna. Og kennarar nýta upplýsingatækni við kennslu í 15% kennslustunda sem metnar voru. Þetta hlutfall hefur ekki breyst mikið á undanförunum árum.

#### Kennsluathafnir kennara

Kennsluáherslur kennara eru greindar í það sem kalla má beina yfirlærslu (hér nefnt fræðari), hugsmíðahyggju (hér nefnt leiðbeinandi) eða blöndu af hvorutveggja. Hugtök sem notuð eru við ytra mat eru fræðandi og leiðbeinandi kennsluáherslur. Þessi hugtök og bakgrunnsupplýsingar um þau voru mátuð við þær breytur sem notaðar eru í TALIS athugun frá 2008 sem vitnað er til í Hvítbók um umbætur í skólastarfi sem mennta- og menningarmálaráðuneyti setti fram 2014 og taldar sambærilegar.




Mynd 3. Hlutfall kennslustunda þar sem kennsluathafnir eru metnar sem fræðandi, leiðbeinandi eða blanda af þeim.

Mikill hluti af tíma nemenda í kennslustundum (66%) einkennist af því að kennari er fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Í 13% af metnum kennslustundum sjá matsmenn kennsluáherslur þar sem kennarinn stýrir framvindu eða skipuleggur rannsóknarmiðað nám, leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda. Þar sem frumkvæði og ábyrgð getur verið hjá nemanda og í 20% kennslustundanna er blanda af þessu. Þetta hlutfall hefur lítið breyst síðan matið hófst 2013.

#### Samvinna og einstaklingsvinna nemenda

Tekið er saman yfirlit yfir hvernig námsaðstæður nemenda eru varðandi það að vinna saman við nám. Skráð er hvort nám nemenda sé markvisst skipulagt á þann hátt að nemendur vinna einir við hvers kyns verkefni eða hvort um samvinnu eða samræður um námið er að ræða.




Mynd 4. Hlutfall kennslustunda þar sem námsaðstæður nemenda eru metnar sem samvinna, einstaklingsvinna eða blanda af þeim.

Í 65% kennslustundanna eru nemendur allan tímann einir að vinna verkefni sín og námsaðstæður byggja á einstaklingsvinnu. Í 16% kennslustunda er samvinna skipulögð af kennara sem námsaðstæður alla kennslustundina og í 19% metinna kennslustunda vinna nemendur saman að hluta eða hluti nemenda vinnur saman.

#### Mat á gæðum kennslustunda

Við mat á kennslustundum er stuðst við viðmið sem fengin eru að láni frá Heildarmati Reykjavíkurborgar en þar á bæ hafa menn aðlagð viðmið um gæði kennslustunda frá OFSTED Englandi.

Sú vinnuregla var tekin upp að skila ekki mati á hverri kennslustund fyrir sig heldur láta vita af heildaráhrifum kennslunnar í skólanum og geta um frábærar og óviðunandi kennslustundir. Þetta var m.a. gert í ljósi þess að fram hefur komið hjá stjórnendum að þegar skólinn fær almennt matið að kennslustundir séu góðar sé erfitt að koma með kröfur eða áherslur um að efla og bæta kennsluhætti. Sömu ákvarðanir hafa verið teknar hjá OFSTED.



Mynd 5. Mat á gæðum kennslustunda.

Matsmenn sáu nokkrar frábærar kennslustundir eða um 6%. Meirihluti kennslustunda sem metnar voru í vettvangsathugunum teljast góðar eða 72%. Í 22% tilfella telja matsmenn að þurfi að bæta kennslustundina og aðeins reynist 1% af kennslu sem metin var í vettvangsathugunum óviðunandi.


Segja má að almennt uppfylli kennslustundir lágmarksviðmið en þegar námsathafnir nemenda eru greindar sem heild koma í ljós einhæfar aðstæður þar sem lítið er um samræður um nám og bein yfirfærsla þekkingar eða verkefnavinna í námsbók einkennir aðstæður nemenda í tveimur þriðja hluta námstímans í skólanum.

## Mat á ytra mati

Matsaðilar tóku á árinu 2016 upp þau vinnubrögð að senda skólum rafræna könnun með mati á matinu. Þar er allt starfsfólk skóla beðið að meta störf matsaðila og gefa svörun á framkvæmd matsins strax eftir að vettvangsathugun lýkur og áður en niðurstöðum er skilað. Samantekt var í ársskýrslu 2017 með mati starfsfólks 13 grunnskóla sem metnir voru 2016 og 2017, alls 250 svarendum. Haustið 2017 var breytt um form og eftirfarandi niðurstöður mats á matinu eru frá 156 kennurum og öðrum starfsmönnum skóla sem metnir hafa verið síðan þá.


Matsaðilar voru vingjarnlegir í viðmóti.

Answered: 157 Skipped: 2




Matsaðilar komu fram við starfsfólk og nemendur af virðingu.

Answered: 157 Skipped: 2




Trúnaðartraust ríki á milli matsaðila og mín.

Answered: 155 Skipped: 4




Ég fékk nægar upplýsingar um tilgang og markmið matsins.

Answered: 155 Skipped: 4




Ég fékk nægar upplýsingar um framkvæmd matsins í skólanum.

Answered: 155 Skipped: 4




Ég fékk nægar upplýsingar um þátt minn/hlutverk mitt í mati á skólanum.

Answered: 151 Skipped: 8




Ég upplifði í aðdraganda matsins álag eða streitu vegna væntanlegra heimsóknna matsaðila í skólann/kennslustundina.

Answered: 156 Skipped: 3




Ég upplifði álag eða streitu á meðan vettvangsathugunum í skólanum stóð.

Answered: 155 Skipped: 4




Ég upplifði álag eða streitu vegna afleiðinga sem matið kann að hafa fyrir mig eða skólann.

Answered: 155 Skípt: 4




Mér finnst skipta máli að kennarar fái munnlega endurgjöf frá matsaðilum eftir vettvangsheimsóknina í kennslustund.

Answered: 151 Skípt: 8




Ég upplifði endurgjöf matsaðila gagnlega.

Answered: 101 Skípt: 58



Hversu ánægð(ur)/óánægð(ur) ert þú með heimsókn ytri matsaðila?

Answered: 152 Skípt: 7



## Opin svör

Það sem má helst lesa úr opnum svörum er að:

- Almenn ánægja er með matið og matsaðila.
- Ánægja er með endurgjöfina.
- Bæta má upplýsingar fyrir matið.
- Fram kemur að kennarar telja of litlum tíma varið í vettvangsathugun, að kom í eina kennslustund.
- Vilja líka fá meiri tíma í endurgjöfina.
- Vilja fá að vita út frá hverju er matið.
- Vilja fá spurningar fyrir fram til að svara í rýnihópum.

Valdir punktar úr opnum svörum, komin frá ýmsum skólum á störf allra matsaðila.

- Gott þegar skólar fá fólk eins og ykkur í úttekt á skólastarfinu, þar sem virðing og góð vinnubrögð eru viðhöfð.
- Það er ómetanlegt, gildi þess, að fá jafn faglegt, gott mat og hrós og þær veittu. Þar sem endurgjöfin var valfrjáls hefði ég hæglega getað sleppt henni og haldið áfram að bera mig saman við aðra kennara - mér í óhag. Ég vildi óska þess að umsögnin hefði verið skrifleg svo ég gæti lesið hana yfir þegar ég þyrfti að ná sjálfstraustinu upp. En bara takk.
- Virkilega faglegt og flott starf sem matsaðilar unnu hér í skólanum.
- Þrátt fyrir góðan tíma í viðtalinu var margt sem ég gleymdi að minnst á. Mér finnst að við hefðum mátt vita um hvað væri spurt, hefði gefið réttari mynd. Ég er í stjórnunarteymi skólans.
- Matsaðilum tókst að skapa mjög afslappað og notarlegt andrúmsloft í kringum matið. Viljum við þakka fyrir góða samveru.
- Ég lenti í rýnihópi og við hefðum verið mun betur með á nótunum og svarað markvissar ef við hefðum verið búin að fá spurningarnar með smá fyrirvara, kannski sólarhrings. Það er svo tilviljanakennt hvað kemur fyrst upp í hugann, ekki alltaf það mikilvægasta í

heildarsamhenginu, leiðinlegt að gleyma einhverjum aðalatriðum og vera að ræða smáatriði í staðinn.

- Ekki ábendingu, frekar spurningu. Þeir/þær sem vinna við að meta kennsluna, hvaða reynslu hafa þau af kennslu sjálf? Hvenær kenndu þau síðast? Afskaplega tilgagnslaust að láta óreynda manneskju meta mig. Jafn vitlaust og ef ég færi í að meta bakara eða tannlækni.
- Senda skiflegar upplýsingar á hvern og einn þátttakanda. Það hefði líka verið fínt fyrir mig ef ég hefði getað beðið um að ákveðnir þættir yrðu skoðaðir hjá mér.

## Í stuttu máli

Ytra mat á grunnskólum hefur farið fram með viðmiðum um gæði frá 2013. Á þeim tíma hafa verið metnir 51 grunnskólar víða um land utan Reykjavíkur. Metnar hafa verið 1340 kennslustundir.

Nemendur, einn eða fleiri nota upplýsingatækni við nám að einhverju marki í 11% þessara kennslustunda og kennarar nota upplýsingatækni til kennslu að einhverju marki í 12% metinna kennslustunda. 66% af kennslustundunum einkenndust af því að kennari var í hlutverki fræðara (bein kennsla) og í 13% stundanna lagði kennari upp nám nemenda með leiðsögn sem miðaði að því að þeir sýndu gagnrýna hugsun eða rannsóknarmiðað nám (hugsmíðahyggja). Nemendur vinna einir að námi í 65% kennslustunda. Meginþorri metinna kennslustunda eru taldar góðar, rúmur fimmtungur var metinn þannig að þyrfti að bæta einhverja mikilvæga þætti, fáar voru metnar frábærar og fáar að sama skapi taldar óviðunandi. Í 85% metinna kennslustunda (miðað við mat fram til áramóta 2018) er nemendafjöldi í námshópi milli 6 og 20 nemendur.

Eins og fram hefur komið víðar, m.a. í TALISrannsókn, sinna stjórnendur ekki vel ákveðnum hluta af kennslufræðilegu forystuhlutverki sínu, það er að fylgjast með störfum í kennslustund og veita faglega leiðsögn. Einnig þarf að setja betur fram áætlanir, ferla eða verklagsreglur. Greinilega er þörf á að stjórnendur sýni betur í verki hvernig þeir tengja saman stefnu skólans, innra mat, áætlun um umbætur og símenntun.

Í tengslum við nám og kennslu þarf stórlega að bæta framsetningu markmiða í námi, bæði í námsvísum/kennsluáætlunum og hvernig nemendum er gerð grein fyrir markmiðum náms til lengri og skemmri tíma. Einnig að efla þátttöku nemenda við markmiðssetningu og að meta eigið nám. Setja þarf fram viðmið um námsmat og matskvarða. Val nemenda þarf að bæta og þá er líka verið að huga að vali og áhrifum almennt í námi, ekki bara að nemendur fái lögbundna skilgreinda valtíma. Sjá verður til þess að allir nemendur fái krefjandi námstækifæri við hæfi, en víða kemur fram að bráðgerir nemendur fá ekki námstækifæri við hæfi. Skrá þarf betur hvað og hvernig árangur er mældur og til hvaða ráða grípa eigi ef viðmiðum er ekki náð.

Umbóta er þörf víða í innra mati og hægt að segja að þar þurfi að taka til hendi við að koma á góðum vinnubrögðum bæði hvað varðar framkvæmd og umbótastarf í kjölfar matsins.

Matsmenn og framkvæmd matsins fær almennt góðan dóm hjá starfsmönnum metinna skóla í mati á matinu sem fram hefur farið frá árinu 2016.

## Metnir grunnskólar 2013 til hausts 2018

### 2013

1. Grunnskólinn á Eskifirði
2. Grunnskóli Reyðarfjarðar
3. Myllubakkaskóli
4. Grunnskólinn í Hveragerði
5. Brekkubæjarskóli
6. Álfhólsskóli
7. Þjórsárskóli
8. Stóru-Vogaskóli

### 2014

1. Blönduskóli
2. Dalvíkurskóli
3. Höfðaskóli
4. Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ
5. Kirkjubæjarskóli
6. Salaskóli
7. Síðuskóli
8. Vallaskóli
9. Waldorfskólinn í Lækjarbotnum
10. Lækjarskóli

### 2015

1. Grunnskóli Bolungarvíkur
2. Grunnskóli Fjallabyggðar
3. Grunnskóli Grundarfjarðar
4. Grunnskóli Snæfellsbæjar
5. Grunnskólinn á Suðureyri
6. Brekkuskóli
7. Oddeyrarskóli
8. Borgarhólsskóli

### 2016

1. Kársnesskóli
2. Hrafnagilsskóli
3. Lágafellsskóli
4. Grenivíkurskóli
5. Flúðaskóli
6. Hraunvallaskóli
7. Vopnafjarðarskóli
8. Akurskóli
9. Laugagerðisskóli
10. Grunnskóli Breiðdalshrepps

### 2017

1. Hörðuvallaskóli
2. Patreksskóli
3. Bíldudalsskóli
4. Grunnskólinn í Reykholti
5. Grunnskólinn á Hellu
6. Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar
7. Tálknafjarðarskóli
8. Glerárskóli
9. Nesskóli
10. Hvolsskóli

### 2018

1. Húnavallaskóli
2. Grunnskóli Borgarfjarðar
3. Grunnskóli Grindavíkur
4. Flataskóli
5. Snælandsskóli